

Lawrence Summers – apríl 2020

(f. 1954), hagfræðingur, sem gengt hefur ábyrgðarstöðum hjá Alþjóðabankanum og í ráðuneyti Billy Clinton, síðar fyrir Barack Obama, nú prófessor og deildarforseti í Harvard háskóla, var rektor hans á tímabilinu frá 2001 til 2006.

Árið 2005 sagði hann í ræðu, að ástæðan fyrir lægra hlutfalli kvenna meðal prófessora í raunvísindum og tækigreinum og í rannsóknarstofnunum, kynni að skýrast af tímafrekara barnauppeldi og „mismunandi hæfni í efsta þrepi [hæfnistigans, greindarinnar].“ Það var dropinn, sem fyllti mælinn. Lawrence sagði af sér ári síðar. Þá lét hann hafa eftir sér: „Við höfum með að gera fáránlegan stjórnámálalegum rétttrúnað í umtalsverðum mæli. Nú er ég einn þeirra, sem trúir ákveðið á fjölbreytni, sem andæfi kynþáttaníði í fjölmörgum tilbrigðum þess, sem sé mörgu ábótavant í amerísku samfélagi. Því þarf að bæta úr. En mér virðist sem gerræðistilburðir með tilliti til þess, hvaða hugmyndir megi ræða í háskólum, skjóti rótum hægt og bítandi.“

„Hverjir svo sem þeir eiginleikar kunna að vera ... sem samkvæmt nákvæmri skilgreiningu sýna fylgni við það að vera geimflugaverkfræðingur í MIT [Massachusetts Institute of Technology] eða efnafræðingur í Berkeley [háskólanum í Kaliforníu] ... sýna væntanlega frábrugðin staðalfrávik ... [eins og greindarmælingar]“ En hann telur þó, að meginútskýringuna sé að finna í þeim árekstri, sem felst í löngun fólks til að eignast fjölskyldu annars vegar og hins vegar áherslu á árangur í hlutaðeigandi stofnunum.